



Formannafundur Aftureldingar fimmtudaginn 9. október 2025

Haldinn í Hlégarði klukkan 17:30

Frá aðalstjórn: Ásgeir Jónsson, Hrafns Ingvarsson, Níels Reynisson og Geirarður Long

Blakdeild: Gunna Stína og Ólöf B. Ólafsdóttir

Fimleikadeild: Rut Sigurðardóttir

Frjálsíþróttadeild: Guðrún Björg Elíasdóttir

Handknattleiksdeild: Sigurður Straumfjörð og Erla Dögg Ragnarsdóttir

Knattspyrnudeild: Hafdís Sæland, Gísli Elvar Halldórsson og Katrín Jónsdóttir

Körfubolti: Heiðar Logi Jónsson

Sunddeild: Brynjar Jóhannsson

Badminton: Jónatan Þór Jónsson

Taekwondodeild:

Karatedeild: Anna Olsen og Kristján Halldórsson

Hjóladeild: Gissur Örlygsson

Skrifstofa: Einar Ingi, Hanna Björk, Þórdís Aikman

Formaður setti fund og bauð gesti fundarins velkomna

Fundur settur 17:30

Fundur hófst á því að boðið var til matar og Ásgeir bað gesti fundarins, formenn, stjórnarmenn og starfsmenn að kynna sig og segja frá hvaða deild þeir koma.

Ásgeir formaður félagsins fór svo yfir dagskrá fundarins.

DAGSKRÁ

Áætlanir deilda

Bókhald félagsins

Skattamál

Íþróttahúsið að Varmá

Rauði gangurinn

Fræðsla

Afslættir félagsins

SharePoint svæði deilda

Afslættir stjórnarfólks

Reglugerðir Aftureldingar

Önnur mál

1. **Áætlanir deilda**

Ásgeir fór yfir mikilvægi rekstraráætlanna hjá deildunum. Það eru enþá nokkrar deildir sem ekki hafa skilað inn áætlun þessa rekstrarárs/skólaárs.

Mikilvægt að koma því að framfæri að áætlun er verkfæri ekki síður fyrir deildirnar sjálfar, sem og skrifstofu til að hafa tækifæri til að fylgjast aðeins með og tengjast í leiðinni rauntölum/rekstrartölum. Við gerð áætlunar gefst gott tækifæri til að þæla aðeins í hlutunum og gera sér grein fyrir tekjum og gjöldum.

Einar hvetur deildir að vera í virku samtali við Þórdísi rekstrarstjóra til að fá aðstoð eða leiðveiningar. Þetta á alls ekki að vera flókið en þarf a gefa einhverja mynd af tekjustreymi og kostnaðarhlið þessa tímabils.

2. Bókhald félagsins

Eins og flestir vita þá skipti félagið yfir um bókhaldsþjónustu núna í haust, frá og með 1. September. Þar sem við tók &Pálsson eftir nokkur ár hjá Sessor. Sessor hafði unnið gott starf fyrir félagið, fyrst við innleiðingu Business Central (bókhaldkerfi) og svo sem daglegur bókhaldsþjónustuaðili.

Skiptin snúast eingöngu að kostnaði, enda þjónusta Sessor mjög góð, en alltof dýr. Aðalstjórn og framkvæmdastjóra fannst ekki réttlætanlegt að eyða eins mikill fjárhæð og raun bar vitni í bókhald félagsins, borið saman við annan kostnað og fjárstuðning.

Til upplýsinga, þá munu Power-Bi skýrslur halda áfram að vera í boði, þ.e. gamla stjórnendasíðan frá Sessor kemur aftur í annari mynd.

3. Skattamál

Ásgeir fór aðeins inná skattamál, en skatturinn hefur sent út nýtt bréf. Sem er framhald af bréfi síðasta árs sem farið var yfir á formannafundi í vor, er varðaði lög og reglur um skattamál þjálfara og leikmanna hjá Íþróttafélögum.

Í þetta skiptið var óskað eftir gögnum frá félaginu, athugið að þetta bréf var sent út á öll félög líkt og fyrra bréf.

Íþróttaheryfingin er að vinna þetta í sameiningu og það kemur á óvart að þetta bréf komi núna á meðan starfshópur er starfandi með hagsmunaraðilum hreyfingarinnar ásamt ráðuneytinu og Deloitte.

Ásgeir fer á sérstakan fund formanna félaganna í næstu viku til að ræða þessi mál.

4. Íþróttahúsið að Varmá

Farið var yfir stöðuna á nokkrum málum tengt Varmá.

En aðalstjórn óskaði eftir samtali og viðræðum um rekstur húsins. Þar sem félagið óskaði formlega eftir aðkomu og að taka yfir daglegan rekstur hússins. Ásgeir og Einar hafa setið fundi og farið yfir sviðsmyndir með starfsmönnum bæjarins.

Við sem félag fórum í rannsóknarvinnu og töluðum við mörg félög til að afla okkur gagna er kemur að rekstur íþróttamannvirkja.

Á sama tíma hafði Mosfellsbær samband við önnur sveitarfélög.

Niðurstaðan af þessum samtölum er auðvitað að Afturelding er eitt fárra félaga sem ekki kemur að neinum hætti að rekstri mannvirkja, og það sem við skynnuðum í okkar samtölum var vilji innan bæjarins að finna flöt á þessu.

Það sem stoppar samtalið, eða frestar því eins og staðan er, er sundlaugin, en það finnst enginn samanburður þar sem íþróttafélag reka sundlaug. En rekstur sundlaugar er flókin og krefst bæði

ákveðnar menntunar starfsmanna, sem og því fylgir ábyrgð sem er erfitt að setja í endur íþróttafélags, þá sérstaklega ef slys ber að.

Þannig er samtalinu „frestað“ um stund, en farið verður í markvissa vinnu að innleiða Aftureldingu inní bæði starfsmann húsins sem og starfslýsingu.

5. Rauði gangurinn

Gæluverkefni Einars er rauði gangurinn. 😊 En markmiðið er að gera félagið sýnilegra í húsinu, þetta er okkar heimili.

Það sem vantar núna til að setja lokapunktin á ganginn eru myndir úr starfinu, það var sendur póstur með ósk um myndir sem var illa svarað. Nú er staðan þannig að annaðhvort senda deildir myndir eða þeir birtast ekki á veggnum 😊

En öllu grínu slepptu þá óskar Einar eftir myndum úr starfinu, 2 – 3 myndir, gamlar sem nýjar sem passa vel á þennan vegg... Einar mund senda sér póst til að minna á þetta og gefa frest til að skila inn.

6. Fræðsla

Aðalstjórn hefur ákveðið að fara í fræðsluverkefni með þjálfurum, iðkendum og foreldrum allra deilda.

Birna og Thelma munu halda utanu um verkefnið þar sem hver deild mun taka þátt og stuðla að betri samskiptum innan félagsins og reyna að mynda heild í kringum UMFA og hvað við viljum standa fyrir, bæði sem iðkendur, en líka sem þjálfarar og foreldrar.

Þetta verkefni veriður betur kynnt á sjálfboðaliðadeginum 15. október næstkomandi.

7. Afslættir félagsins

Síðastliði voru afslættir félagsins teknir úr lögum félagsins og færðir inní nýja reglugerð um afslætti.

Félagið með formenn í forystu þurfa svo að taka ákvörðun um framhaldið og hvort vilji sé til einhverra breytinga fyrir næsta skólaár.

Í dag eru afslættir gerðir uppá milli deilda í lok hvers rekstrarárs/skólaárs. Þar sem ferlið virkar þannig að t.d. fjölgreinaafsláttur er allur tekin af við seinni skráninugu og svo gerður upp eftir árið.

Í dag er Afturelding með 10% systkinaafslátt og 10% fjölgreinaafslátt á milli deilda.

Á fundinum sköpuðust ýmsar umræður um breytingar og skoðanir á þessum hlutum þar sem íþróttafulltrúi fór einnig yfir hvernig þetta er hjá öðrum félögum. Sé vilji til breytinga þarf félagi að mynda sér skoðun á því og gera fyrir næsta skólaár.

Niðurstaðan er því að formenn hafa þetta í kollinum og málið tekið upp síðar.

8. SharePoint svæði deilda

Framkvæmdastjóri fer aftur yfir SharePoint svæði deildanna, þar sem hver deild er nú komin með sitt eigið svæði fyrir gögn deildarinnar. Þetta er mikilvægt skref til að vernda bæði gögn og ykkar vinnu inni deildunum. Þar má finna upplýsingar ýmiskonar template af samningum, fjárhagsáætlun, fundargerðum, og launaforsendum, sem og lög- og reglugerðir.

Einar hvetur allar deildir til að byrja að nýta sér þetta. Einhverjar eru komnar vel af stað, en aðrar ekki. Ef fólki vantar aðgang eða kemst ekki inn þá þarf að hafa samband og ég græja.

Þetta er mikilvægt skref til að vernda gögn og gefa deildum tækifæri til að tengja fleiri aðila stjórnar inni gagnagrunn deildanna.



Framkvæmdastjóri mun fylgja eftir pósti sem var sendur á formenn í vor varðandi innskráningu.

1. Afslættir stjórnarfólks

Framkvæmdastjóri finnst mikilvægt að opna á þessa umræðu. Eins og staðan er í dag, eru tvær deildir að vinna með afsláttarkerfi fyrir stjórnarfólk deilda, það er BUR knattspyrnudeildar og fimleikadeild, þar er veittur 50% afsláttur af elsta barni.

Þetta er fyrirkomulag sem hljómar vel og leggur formaður til að formenn velti þessu fyrir sér og hugsi hvort þetta sé ekki einhver almenn regla sem við ættu að setja innan félagsins, með þeim fyrirvara að einstaka deildir kjósi ekki að taka þátt í þessu, eða telji það ekki eiga við.

Það er alltaf erfiðara og erfiðara að fá fólk til að starfa innan íþróttafélaganna, því án góðra og virkra sjálboðaliða er ekkert starf. Þessvegna telja meðlimir aðalstjórnar og framkvæmdastjóri þetta vera tilfalið hvatakerfi fyrir sjálfbóðalið innan stjórna félagsins.

Áhyggjur er varðar afslætti til stjórnarfólks er kannski einhverskonar misnotkun, ef óvirkt stjórnarfólk er farið að uppskera slíkan hvata. En tilmælin eru að almennt gildi slíkt kerfi, þar sem hlutverk formanns væri mikilvægt að halda utan um störf stjórnarmeðlima.

Það kom upp punktur að hægt væri að tengja afsláttarkerfið þannig að afsláttur virkjaðist að tímabili loknu, þ.e. fyrir þá næsta tímabil.

Formenn voru beðnir að velta þessu aðeins innan sinna deilda og í framhaldinu taka ákvörðun og afstöðu.

2. Reglugerðir Aftureldingar

Síðasta mál á dagskrá er upplýsingagjöf er varðar uppfærðar og nýjar reglugerðir, sem eru aðgengilegar á sharepoint og heimasíðu félagsins.

Aðalstjórn hefur uppfært tvær reglugerðir, tengt „heiðursviðurkenningum“ og reglugerð um úthlutun afrekssjóð félagsins.

Einnig er búið að gera nýja reglugerð um „afslætti og æfingagjöld“ félagsins. En afslættir voru teknir úr lögum í vor og settir í nýja reglugerð.

3. Önnur mál

Í lok skipulagðrar dagskrá gafst formönnum tækifæri að koma með önnur mál fyrir umræðu innan formanna og starfsfólks Aftureldingar.

Yfirsýn í Abler

Það virðist vera eitthvað vandamál hjá einhverjum að sjá dagskrá í svæðisdgatalinu inná Sportabler, ásamt því að ekki er hægt að bóka fundi þar inn.

Hanna íþróttafulltrúi mun kanna þetta hjá abler, hver ástæðan sé að þetta er dottið út hjá ákveðnum leyfum innan abler.

Mótahald

Blakdeild opnar á umræðu um móthald, þar sem mismunandi hefðir eru milli deilda er kemur að mótahaldi. Húsið okkar að Varmá er þétt setið, og gefur að skilja að það er erfitt að hafa samþykka eða finna pláss fyrir allar beiðnir.

Staðreyndin er sú að sumar deildir eru með 3 mót, aðrar 2 mót og sumar deildir halda ekkert mót.

Blakdeildin vill koma því á framfæri að þeir eru alltaf opin fyrir að halda fleiri mót, enda um mikilvæga frjáaflanir að ræða.

Framkvæmdastjóri segir þetta vand með farið, ef setja eigi almenna reglu um þetta, þá er hann ekki viss um að deildir yrði sáttari við niðurstöðuna.

Gisting í skólum þegar mót er í húsinu

Gunna Stína hjá blakdeild opnar á umræðu um gistingu í skólum bæjarins, en bærinn hefur verið að rukka fyrir gistinguna þegar gistingu þarf á vegum félagsins vegna mótahald.

Framkvæmdastjóri sagðist vera í virku samtali við bæinn er varðar þetta mál, þar sem skilaboð félagsins er að eðlilegt er að dekkja kostnað við þrif og eitthvað utanumhald. En sé hugmynd bæjarins að þetta fari í sjóð kennara, þá eru þau upplýst um óánægju okkar með það.

En Einar fullvissar Gunnui Stínu um að niðustaða sé á næsta leiti. Bærinn sé að kanna önnur sveitarfélög og koma svo með niðurstöðu frá sér.

Heimasíða Aftureldingar

Umræða um heimasíðu félagsins, og nokkrar spurningar

- Hvað á þessi síða að vera?
- Á þetta að vera upplýsingasíða?
- Á þetta að vera fréttasíða?

Staðreyndin er sú að aðeins nokkrar deildir uppfæra síðuna og setja inn fréttir.

- Er hægt að feeda-a facebook inn á síðuna, sem fréttir?

Þetta hefur verið til umræðu innan aðalstjórnar, þar sem markmiðið er að taka aðeins til á heimasíðunni og breyta uppsetningu á forsiðu. Ég held að allir séu sammála um að fyrst og fremst er þetta upplýsingasíða, þar sem foreldrar og iðkendur koma inn til að nálgast upplýsingar. Okkar verkefni er að passa uppá að aðgengi sé gott og allar mikilvægar upplýsingar séu til staðar.

Börn að þjálfra hjá félaginu

Rut formaður fimleikanna varpaði upp mikilvægi þess að fræða og passa uppá unga þjálfara hjá okkur. Leggja meiri áherslu að uppfræða börnin okkar, og kenna þeim að taka á móti öðrum börnum og iðkendum, dila við foreldra og alla þessa þætti sem koma utanfrá inni þjálfunina.

Hanna Björk íþróttafulltrúi er sammála þessu, en segir vandamálið oft vera að það er erfitt að fá krakka til að mæta á fræðuslu og kynningar. En starfsdagurinn er einmitt vettvagnur fyrir svona fræðslu og svo er hlutverk yfirþjálfara mikilvægt í þessum málum.

Ásgeir formaður lokar fundinum með einu prinsípatriði fyrir formenn að hafa í huga og taka áfram til yfirþjálfara og þjáfara félagsins. Innanbúðamál eiga ekki að vera rædd við iðkendur.

Það er svo óprofessional, gagnvart öllum aðilum. Við sem félag verðum að tileinka okkur fangmennsku í samskiptum.

Fundi slitið klukkan 19:30